

Nd.

188. Nefndarálit

[99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er um að ræða framlengingu á innheimtu 18% vörugjaldsins, sem fyrst var lagt á með bráðabirgðalögum í júlí 1975. Sú gjaldheimta átti í fyrstu aðeins að haldast til loka þess árs, en hefur síðan verið framlengd. Hér er um að ræða óeðli-
legar og ranglátar álögur á landsmenn. Tekna þeirra, sem vörugjaldið skilar í ríkis-
sjóð, mætti afla með réttlátari og skynsamlegri hætti. Þess vegna mun þingflokkur
Alþýðuflokksins greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 15. des. 1976.

Gylfi Þ. Gíslason.